



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,
Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 – 10, 150 Reykjavík

1.12.2020

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining), 151. löggjafarþing 2020-2021. Þskj. 233 – 230. mál.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar því að lögum um útlendinga sé breytt til samræmis við tilmæli frá Evrópuráðinu þannig að þegar vafi leikur á því hvort umsækjendur um alþjóðlega vernd séu börn skuli þeir ávallt njóta vafans og að beita skuli heildstæðu mati til að reyna að komast að aldri þeirra en ekki tanngreiningum sem þykir óreiðanleg aðferð til að meta aldur.

Lönd nota mismunandi aðferðir við að meta aldur flóttafólks. Algengast er að beita læknisfræðilegum aðferðum og þær helstu eru röntgenmyndir á úlnlið, tannrannsóknir og tannröntgenmyndir en líkt og *European Asylum Support Office (EASO)* hefur bent á er engin tiltæk aðferð eins og stendur sem getur ákvarðað með vissu um aldur einstaklings. *European Council on Refugees and Exiles (ECRE)* hefur lýst yfir áhyggjum sínum vegna tilhneigingar ríkja í Evrópu til að reiða sig á þessar læknisfræðilegu aðferðir við aldursmat sem stofnunin telur ganga gegn meginreglunni um það sem er barninu fyrir bestu.

Íslandsdeild Amnesty International telur mikilvægt að vægasta úrræðið sé valið við mat á aldri einstaklings og tekur undir tilmæli Evrópuráðsins í þeim efnum. Í skýrslu ráðsins¹ um aldursgreiningar er áhersla á að líkamsrannsóknir skuli einungis notaðar sem lokaúrræði þegar verulegur vafi leiki á aldri viðkomandi, þegar það er talið í samræmi við bestu hagsmuni barnsins að slík greining fari fram og þegar búið er að fullreyna aðrar aðferðir til greiningar á aldri. Þar segir nánar um líkamsrannsóknir til aldursgreiningar:

There is a broad consensus that physical and medical age assessment methods are not backed up by empirically sound medical science and that they cannot be assumed to result in a reliable determination of chronological age. Experts agree that physical and medical age assessment methods enable, at best, an educated guess. In addition to the scientific weaknesses and inaccuracy of age assessment methods, several methods have been evidenced to have a harmful impact on the physical and mental health and wellbeing of the person undergoing age assessment. Against this background, the use of invasive medical exams should be reduced to a minimum and has to remain a measure of last resort.

Í skýrslunni segir einnig að ekki sé við hæfi síðferðislega að styðja við þessar líkamsrannsóknir þar sem þeim fylgir áhætta auk þess sem þær eru ónákvæmar og hafi ekki umfram vægi við mat á aldri einstaklinga. Aldursmat þar sem viðkomandi verður fyrir geislun, sem geta mögulega verið skaðlegir, í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum, stangast á við heilbrigðisfræði og er mögulega ólögætt.

Að lokum ítrekar Íslandsdeild Amnesty International að við mat á aldri einstaklings skuli viðkomandi njóta vafans í vafamálum, þannig að komið sé fram við viðkomandi líkt og um barn sé að ræða. Slík nálgun er í samræmi við meginreglu 1. mgr. 3. g. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um það sem er barninu fyrir bestu.

¹ Council of Europe: *Age Assessment; Council of Europe member states' policies, procedures and practices respectful of children's rights in the context of migration*, september 2017.

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Virðingarfyllst

AMNESTY INTERNATIONAL
Íslandsdeild

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Anna Lúðvíksdóttir', written over a horizontal line.

Anna Lúðvíksdóttir,
framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International